
44. Hanna Katrín Friðriksson (Replik)

Ég vil byrja á að þakka ráðherrunum kærlega fyrir gott samtal. Okkur hættir til í allri umræðunni, ekki síst á hinum pólitíska vettvangi, að slá saman viðbrögðum við skipulagðri glæpastarfsemi yfir landamæri og síðan móttöku flóttafólks og innflytjenda sem eru í leit að betra lífi, jafnvel vegna aðstæðna sem við berum að hluta til einhverja ábyrgð á. Sænski forsætisráðherrann sagði það réttilega hér áðan að hvert og eitt af Norðurlöndunum hefði sína eigin innanríkisstefnu en mig langaði til þess að heyra frá öðrum ráðherrum, velta því upp og spyrja hvort þeir hafi á einhverjum tímapunkti velt því upp að eiga samstarf um þessi mál og þá í ljósi þeirrar ábyrgðar sem við berum. Þá er ég frekar að hugsa um þennan móttökuhluta flóttamanna og innflytjenda, ef hægt væri að halda hinum þættinum, skipulagðri glæpastarfsemi sem að mínu mati er ótengd, fyrir utan svörin.

Skandinavisk oversettelse

Jag skulle vilja börja med att tacka ministrarna för en bra debatt. Vi har en benägenhet i debatten, inte minst på den politiska arenan, att blanda ihop våra åtgärder mot organiserad gränsöverskridande brottslighet och vårt mottagande av flyktingar och invandrare som söker sig hit för att försöka förbättra sina livsvillkor, ibland till och med på grund av omständigheter som vi delvis är ansvariga för. Den svenska statsministern hade rätt när han här tidigare sade att varje nordiskt land har sin egen inrikespolitik, men jag skulle vilja höra de andra ministrarnas åsikt och fråga om de någonsin har funderat över att ingå ett samarbete om dessa frågor, med hänsyn till det ansvar vi har. Jag tänker då främst på den aspekten som gäller mottagandet av flyktingar och invandrare, och svaren får gärna förbigå den andra aspekten, organiserad brottslighet, som enligt min mening inte har

med det att göra.

Informasjon

Tale nummer

44

Type

Replik

Person

[Hanna Katrín Friðriksson](#)

Speaker role

Midtergruppen

Status

Waiting for transcription

Dato

01.11.22 16:07

Sak

[Debatoplæg på Nordisk Råds sessions topmøde med statsministrene](#)